Nr. 989 24. október 2013

# AUGLÝSING

**um breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis, athafna- og hafnarsvæðis og iðnaðarsvæðis á Grundartanga, vestursvæði, Hvalfjarðarsveit.**

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti þann 23. apríl 2013 breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis, athafna- og hafnarsvæðis og iðnaðarsvæðis á Grundartanga, vestursvæði.

Tillagan er í samræmi við gildandi aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 og breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008- 2020, stækkun iðnaðarsvæðis á Grundartanga.

Breytingin felur meðal annars í sér að skipulagssvæðið stækkar úr 85 ha í rúmlega 150 ha, hafnarbakkasvæðið breikkar, skilgreindar eru nýjar lóðir fyrir athafnastarfsemi, hafnsækna starfsemi, þjónustu, dælustöð og spennistöðvar, skilgreindar eru jarðvegsmanir og flæðigryfjur fyrir kerbrot og önnur fyllingarefni.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Hvalfjarðarsveit, 24. október 2013.*

F.h. sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar,

**Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 7. nóvember 2013